

Skýrslur FSÍ um umhverfismat:

Fornleifar á Búðarhálsi og í Þóristungum Könnun vegna Búðarhálsvirkjunar



Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson

Reykjavík 1999

Fornleifastofnun Íslands

FS096-99141

© Fornleifastofnun Íslands 1999

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Mynd á kápu : Fjárrétt (RA-674 :006)

Efni

SAMANTEKT.....	4
1. INNGANGUR	5
2. UMHVERFISMAT OG FORNLEIFAR.....	6
3. RANNSÓKNARSVÆÐIÐ	7
4. FORNLEIFAR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	9
5. NIÐURSTÖÐUR.....	12
VIÐAUKI:	14
FORNLEIFASKRÁ FSÍ: HOLTAMANNA- OG ÞÓRISTUNGNAAFRÉTTIR.....	14
HEIMILDIR:.....	19

Samantekt

- Á Búðarhálsi og í Þóristungum eru a.m.k. 32 fornleifar.
- Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum um byggingu Búðarhálsvirkjunar eru a.m.k. 7 minjastaðir í hættu:

RA-673:023	gata	RA-674:003	<i>Miðtungur</i>	náttstaður
RA-674:009	ferjustaður	RA-674:004	<i>Fremstatunga</i>	náttstaður
RA-673:014	<i>Byrgistorfur</i>		<i>Sprengisandsleið</i>	
RA-674:006	<i>Byrgisver</i>			fjarrétt

- Engar fornleifar á fyrirhuguðu virkjanasvæði hafa til þessa verið friðlýstar. Allar fornleifar njóta hins vegar almennrar friðunar samkvæmt lögum. Óheimilt er að spilla þeim eða hylja þær. Fornleifanefnd getur veitt heimild til þess að fornleifar verði látnar víkja, eða þær huldar og setur skilmála þar að lútandi.
- Af þeim sjö minjastöðum sem eru í uppnámi, eru forn mannvirki á einum þeirra, þ.e. Byrgisver (RA-674:006). Aðrir staðir á svæðinu falla undir skilgreiningu þjóðminjalaga á fornleifum (þ.e. leiðir, ferjustaður og náttstaðir) en mannvistarleifar sjást þar ekki.
- Nokkur dæmi eru um að fornleifar hafi lent undir vatni vegna virkjunar vatnsfalla, en engar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum þess á minjarnar. Líklegt má telja að minjar sem lenda í vatnsborði skemmist, en varðveitist vel ef þær lenda á vatnsbotni þar sem setlagamyndun er hröð.
- Þar eð fjarréttin í Byrgisverum lendir á botni Sporðöldulóns er líklegt að hún muni ekki verða fyrir miklum skemmdum.
- Vandí er að meta varðveislugildi staða þar sem engin forn mannvirki eru, en teljast þó til fornleifa samkvæmt lögum. Engar opinberar reglur eða viðmið um þau efni eru fyrir hendi. Götur, ferjustaðir og náttstaðir eru minjar um nýtingu á afréttum og umferð um hálendi fyrir á tímum, og er það merkur þáttur í menningarsögu þjóðarinnar.
- Náttstaðirnir munu lenda undir vatni og ferjustaðurinn í eða við brúarstæði, en á þessum stöðum eru ekki sýnileg mannvirki. Vegur verður lagður þvert á fornar götur um Stóru-Hestatorfu og Sprengisandsleið á Búðarhálsi, en þar er vegslóði þegar. Minjaspjöll vegna nýrra framkvæmda verða því afar lítil.
- Mikilvægt er að öll umferð, efnistaka og frávik frá fyrirbyggjandi tillögum um byggingu virkjunar verði skoðuð með hliðsjón af fornleifaskrá svæðisins.
- Við umhverfismat er ekki unnt að gera endanlega eða tæmandi úttekt á minjafjölda á tilteknu svæði. Gætu fleiri minjastaðir leynst á þessum slóðum.

1. Inngangur

Að ósk verkfræðistofunnar Hönnunar hf gerði Fornleifastofnun Íslands könnun á fornleifum á Búrfellshálsi og í Þóristungum í Landmannahreppi. Er verkið liður í mati á áhrifum framkvæmda við fyrirhugaða Búrfellshálsvirkjun og unnið fyrir Landsvirkjun.

Undirbúningur að rannsókninni hófst um miðjan ágúst 1999 og var heimildum safnað um fornleifar á svæðinu. Gerðar voru vettvangsrannsóknir dagana 23-27. ágúst 1999 og unnið úr rannsóknargögnum í september s.á.

Í þessari skýrslu er birtur árangur athugana á fyrirliggjandi heimildum um fornleifar á svæðinu og rannsóknir á vettvangi.

Höfundar þakka Ómari Ingólfssyni hjá Hönnun fyrir aðstoð við gagnaöflun og upplýsingar.

2. Umhverfismat og fornleifar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög með síðari breytingum), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar : “Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja.” Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er fornleifakönnunin sem þessi skýrsla byggir á unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með hinni nýju löggjöf.

Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum (16. gr.) víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, 100 ára eða eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Í lögnum eru gefin allnokkur dæmi, svo sem byggðaleifar, bæjarstæði, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum; einnig vinnustaðir þar sem aflað var fanga, sel, verstöðvar, ból, mógrafir, kolagrafir, gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, gamlir vegir, stíflur, brýr, vöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; varnarmannvirki; þingstaðir, hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð; áletranir, greftrunarstaðir og skipsflök.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll forn mannvirki í heldur einnig staðir sem á einn eða annan tengjast menningu og atvinnuvegum.

Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við umhverfismatið, á sama hátt og gert er við almenna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar fornleifaneftndar. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistarleifar er nýjung hér á landi. Viðurkennd aðferðafræði liggur ekki fyrir og þróun aðferða er skammt á veg komin. Enn er langt í land að unnt verði að skera úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd verði engin hætta á að minjar finnist þar við jarðrask. Þó miðar í þá átt að gerð sé markviss fornleifaleit í þágu undirbúnings að framkvæmdum.


3. Rannsóknarsvæðið

Rannsóknin takmarkaðist við suður- og vesturhluta Búðarháls og vesturhluta Þóristungna, þ.e. sunnan Tjaldakvíslar.

Búðarháls liggur sunnan og austan Sultartangalóns og norðan Tungnaár. Var þar Holtamannaafréttur (síðar Áshreppinga) Er hálsinn að mestu gróðurlaus grjóturð og sandflákar, en neðst í hlíðum hans er helsta graslendi afréttarins.

Þóristungur takmarkast af Blautukvísl að austan, Tungnaá að sunnan og Köldukvísl að vestan. Svæðið skiptist í Fremstungu, sem liggur vestast og nær að Tungnaá, Miðtungu og Innstungu. Í Þóristungum er sérkennilegt landslag, háir og brattir malarhólar rísa upp af flötum melum sem liggja frá suðurbakka Köldukvíslar suður að að Þykkuöldum (Austuröldum). Víða eru grónir blettir, þar sem eru kvíslar og mýrarver.

Skráning heimilda náði til alls afréttarlandsins á Búðarhálsi og í Þóristungum og vísast til fornleifaskrár í viðauka. Vettvangsrannsóknin takmarkaðist hins vegar við þau svæði þar sem vænta má að verði jarðrask eða fornleifar færðar í kaf, vegna fyrirhugðara virkjanaframkvæmda. Þessi svæði eru:



Yfirlitskort. Fornleifar í uppnámi vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda.

- 1) Stæði undir fyrirhugað stöðvarhús við Sultartangalón, skammt norðan Fögrulinda á norðanverðum Búðarhálsi.
- 2) Vegstæði frá stöðvarhúsi, sem þverar hálsinn, austan Fögrulinda, yfir Sprengisandsleið suður að Stóru-Hestatorfu, að gömlu brúnni yfir Tungnaá, að vegi 26.
- 3) Vegstæði frá áður nefndum vegi þar sem hann liggur hæst um Búðarháls, til austurs og í boga niður að Tungnaá og þar um núverandi veg.
- 4) Brú yfir Tungna og vegur um Hrauneyjarhólma, til suðurs að vegi nr. 26.
- 5) Stíflustæði á mótum Tungnaár og Köldukvíslar.
- 6) Botnsvæði “Sporðöldulóns”.

4. Fornleifar á framkvæmdasvæði

Samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru a.m.k. 32 minjastaðir á þessu afréttarlandi. Eru það sæluhús eða leitarmannakofar (4) eða aðrir náttstaðir gangnamanna (13), útle gumannabústaðir (2), þjóðsögustaðir (2), samgönguminjar, s.s götur (1), vörður (1), vöð (1) eða ferjustaðir (1), og hestaréttir (1) eða fjárréttir (5). Við vettvangsathugun komu ekki fram staðir sem ekki voru þegar kunnir af ritheimildum. Nokkrir þessara staða eru innan marka framkvæmdasvæðisins. Hér verður hverju svæði lýst fyrir sig:

- 1) *Stæði undir fyrirhugað stöðvarhús við Sultartangalón, skammt norðan Fögrulinda á norðanverðum Búðarhálsi:*

Ekki er kunnugt um heimildir um minjar á þessu svæði og engin forn mannvirki fundust við vettvangskönnun.

- 2) *Vegstæði frá stöðvarhúsi, sem þverar hálsinn, austan og sunnan Fögrulinda, yfir Sprengisandsleið suður að Stóru-Hestatorfu, að gömlu brúnni yfir Tungnaá og suður að vegi 26:*

Engar minjar fundust í fyrirhuguðu vegarstæði í norður- (norðvestur) hlíðum Búðarháls, þ.e. frá stöðvarhúsi og upp á hábungu Búðarháls þar sem Sprengisandsvegur liggur langsum eftir hálsinum. Nýi vegurinn mun hinsvegar liggja

Þvert yfir Sprengisandsveg og í suðurhlíðinni liggur hann þvert yfir gamlar reiðgötur: **RA-673:023** Gata. "Gamlar, grónar götur, ... liggja margar hlið við hlið efst í Hestatorfu í stefnu vestur yfir Blautukvísl að Tangavaði."¹ Á þessum slóðum eru víða skorur og rof í jarðveginum, en ekki er ljóst hvar nákvæmlega þessar götur hafi verið eða hvort enn megi sjá ummerki um þær þar nálægt vegastæðinu. Fyrirhugaður vegur hlýtur þó að liggja þvert á þessa gömlu leið. Frá hábungunni þar sem Sprengisandsvegur liggur og suður yfir Hestatorfur liggur nú þegar vegaslóði. Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun verður nýji vegurinn lagður í sama vegarstæði að mestu leyti.

3) *Vegastæði frá áðurnefndum vegi þar sem hann liggur hæst um Búðarháls, frá "vegamótum" við Sprengisandsveg, til suðausturs að Tungnaá:*

Engar minjar fundust á þessum slóðum, að frátöldum Sprengisandsvegi. Vörður úr honum eru ekki í fyrirhuguðu vegastæði, en þar er nú þegar vegaslóði.

2) *Brú yfir Tungnaá og vegur um Hrauneyjahólma, til suðurs að vegi nr. 26.:*

Í brúarstæðinu var áður ferja yfir Tungnaá:


RA-674:009: ferjustaður (64°13.140 N 19°16.808 V). Ferjustaður var þar sem Kaldakvísl rennur í Tungnaá. Norðan árinna er rás í árbakkann nær beint á móts við ármótin, og þar er sendinn botn en annars er landið víðast fremur grýtt á þessum slóðum. Þar hefur landingin líklega verið. Á þessum stað verður væntanlega jarðrask við brúarsmíðina, en ekki sjást þarna nein mannvirki sem hægt er að spilla. Sunnan Tungnaár er lagt til að vegur verði yfir Hrauneyjahólma og að vegi 26. Í því vegastæði er ekki kunnugt um neinar minjar.

3)


4) *Botnsvæði Sporðöldulóns:*

Eftirfarandi staðir munu lenda undir vatni Sporðöldulóns:

RA-674:006 *Byrgisver*; fjárrétt
(64°13.912 N 19°12.341 V). Byrgisver
er vestan við Fremstutungu, sem er
vestast á Þóristungum. Í Byrgisveri eru
fjárbyrgi sem taka 12-14 hundruð fjár og
var rekið í þau tvo síðustu gangnadaga³.



Réttin stendur um 20-30 m sunnan við bakka Köldukvíslar. Landið í kring er flatt, mosagróið en stórgrýtt. Nokkru sunnar taka við háir malarkambar sem ná niður að ánni austan við réttina. Hefur þarna verið gott aðhald fyrir fjárrekstur úr vestri að réttinni. Tóftin er aflöng, um 20 m löng og 12 m breið. Innan veggja er mjög þýft. Veggir eru fremur uppmjóir, um 50 sm breiðir neðst og allt að 1 m háir. Dyr eru á miðjum norðurvegg. Innan í réttinni er þverveggur, um 5 m langur og talsvert lægri en hleðslurnar umhverfis. Eru um 1 m breiðar dyr við norður- og suðurvegg.



Byrgisver. Fjárrétt. Myndin er tekin úr norðvestri.

² GR I, 307-308.

Hleðslan er úr hnellingagrjóti, hún vönduð og stendur vel, en hrúnið hefur úr norðvesturhorninu.

RA-674:003 *Miðtungur*; náttstaður. Miðtungur eru vestast í Þóristungum, við Köldukvísl, sunnan við þar sem kemur krókur á hana til vesturs. Þar var tjaldstaður – sem síðar var færður innst í Fremstutungu⁴. Nákvæm staðsetning þessa náttstaðar er ekki þekkt og ekki hafa fundist sýnileg ummerki – hafi einhver verið - en hann mun að öllum líkindum lenda undir vatni.

RA-674:004 *Fremstatunga*; náttstaður. Tjaldstaðurinn var innst á Fremstatungu sem er syðst og vestast á Þóristungum gegnt Hrauneyjum. Þar var náttstaður, eftir að hætt var að tjalda á Miðtungu: "Þar var betri tjaldstaður og skýlla fyrir hesta."⁵ Nákvæm staðsetning er ekki þekkt og ekki hafa fundist sýnileg ummerki - hafi einhver verið - en þessi staður mun án efa lenda undir vatni.

5. Niðurstöður

Af þeim 32 fornleifum sem kunnugt er um á Búðarhálsi og í Þóristungum, eru 6 í uppnámi vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Búðarhálsvirkjun.

Þessir staðir eru :

Sprengislandsleið (um Búðarháls)

RA-673:023 gata (um Stóru-Hestatorfu á Búðarhálsi)

RA-674:009 ferjustaður (á mótum Köldukvíslar og Tungnaár)

RA-673:014 *Byrgistorfur* (náttstaður)

RA-674:006 *Byrgisver* (fjarrétt)

RA-674:003 *Miðtungur* (náttstaður)

RA-674:004 *Fremstatunga* (náttstaður)

Mannvirki eru aðeins sýnileg á einum þessara staða, þ.e. réttin í Byrgisverum (Ra-674:006). Mun hún lenda undir vatni. Samkvæmt þjóðminjalögum er óheimilt að raska minjum eða hylja þær.

³ Sbr. GR I, 318, 319

⁴ GR I, 313, 316, 317.

⁵ GR I, 316.

Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á hvaða áhrif það hefur á fornleifar að lenda undir vatni. Nokkur dæmi eru þó um að fornleifar hafi lent undir vatni við virkjanaframkvæmdir, t.d. voru friðlýstar minjar færðar í kaf í Skeiðfossvirkjun í Fljótum⁶, rústir Innra-Hreysis fóru undir vatn Kvíslaveitu, og kuml lenti í vatnsborði Úlfjótswatns vegna Ljósafossvirkjunar⁷. Í síðastnefndu tilfellinu lenti stórmerkur kumlastaður í vatnsborðinu og skemmdist í rofi. Ekki fer sögum af afdrifum hinna minjastaðanna. Er ekki ósennilegt að í þeim tilfellum sem setmyndun er hröð, skemmast mannvistarleifar lítið. Hinsvegar, ef minjar lenda í vatnsborði, er hætt við að rof spilli þeim. Réttin í Byrgisverum mun lenda á botni Sporðöldulóns og verður vafalítið fljótlega þakin seti.

Aðrar minjar á svæðinu hafa í raun takmarkað varðveislugildi, enda eru þar engin sýnileg mannvirki, en engu að síður njóta þær friðunar samkvæmt þjóðminjalögum. Er því óheimilt að raska þessum stöðum eða hylja þá nema með leyfi þjóðminjavörslunnar.

⁶ Ágúst Ó. Georgsson, *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík 1990.

⁷ Kristján Eldjárn, *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Akureyri, 1956, bls. 65.

Viðauki:

Fornleifaskrá FSÍ: Holtamanna- og Þóristungnaafréttir

RA-673 Holtamannaafreittur

Holtamannaafreittur takmarkast af Þjórsá að vestan, Tungnaá að sunnan, Köldukvísl að austan og Fjórðungskvísl að norðan. Er hann vestasti hluti hinna fornu Þjórsártungna. "Álitið hefur verið, að Landmannaafreittur hafi að fornu tilheyrt Landmönnum einum og Holtamannaafreittur bændum í Holtamannahreppi hinum forna. Eftir miðja 19. öld er nokkur breyting á orðin, því að þá eru nokkrir bændur úr Holtamannahreppi farnir að reka fé sitt á Landmannaafreitt, og bændur í Landssveit reka þá almennt hross sín á Þóristungur og sumir fé sitt á Holtamannaafreitt. Hvænær breytingin hefir á komist eða hvort hún hefir byggst á samningi er óvíst. Um 1890 var Holtamannahreppi skipt í tvo hreppa. Ákváðu þá hreppsnefndir hinna nýju hreppa, að Holtamenn skyldu reka á Landmannaafreitt en Áshreppingar á Holtmannaafreitt. Hefir sú tilhögun haldist síðan, þó að eigi hafi hlotið samþykki Landmanna." GR I, 257. (ATH dóm um Holtamannaafreitt 1476) Guðjón Jónsson í Ási telur líkur til að "upprekstur þangað hafi hafist seinna en á flesta eða alla afreitti ... sunnanlands sökum fjarlægðar hans úr byggð og erfiðra notkunaraðstæðna. Um 80 km eru inn að honum úr þeim sveitum, sem hann hafa notað, og inni við hann er stórt straumhart vatnsfall, Tungnaá, sem verður að flytja allt féð yfir á bátum, bæði þegar það er rekið á vorin og sótt á haustin." GR I, 300.

"Afreitturinn er bungumyndað hálendi og er mestur hluti hans gróðurlausar grjót- og sandöldur. ... Neðst í hlíðum [Búðarháls] á þrjá vegu: austan, sunnan og vestan, er samfelldasta og mesta graslendi afreittarins. Þegar því og Hálsinum sleppir, er afreitturinn öldótt sandauðn fyrstu 20 km en þá koma allstór mýrarver á milli sandaldanna, ásamt mosateygingum meðfram kvíslum, sem víða renna úr verunum. / Stærst veranna eru: 1. Stóraver, 2. Biskupsþúfuver, 3. Eyvindarverið fremra, 4. Háumýrar, 5. Svörtubotnar, 6. Hnausaver, 7. Krókaver, 8. Illugaver." GR I, 301.

- Á Holtamannaafreitti var farið í grasa- og rötarfjall í Bása og Hvanngil og var þá farið yfir Tungnaá á Tangavaði - GR I, 322

RA-673:001 Eyvindarkofi tóftaþyrping útilegumannabústaður

Eyvindarkofi er á lækjarbakka austarlega í Eyvindarveri sem er graslendi norðan við Eyvindarkvísl og Þúfuver. Kofarnir eru rétt vestan við Sprengisandsleið - ÚAT, 98.

"Í Eyvindarveri er mikið graslendi og þar skiptast á brokflóar og starartjarnir ... Bæjarstæðið virðist ekki hafa verið gott sökum votlendis ..." ÚAT, 98 "Sumarhagar eru ágætir í Eyvindarveri, og jafnvel eru þar sumstaðar einhverjar snapir að vetrarlagi. Þess er t.d. skammt að minnast, að hestur gekk úti í Arnarfellsöldu, sem er gegnt Eyvindarveri hinum megin Þjórsár. Eflaust hefur Eyvindur einnig getað heyjað eitthvað í verinu." ÚAT, 106. Daniel Bruun gróf í tóftirnar 1897 og Gísli Gestsson aftur 26.8.1956. Friðlýstar minjar. Sjá GG: Árb. 1983 (útg. 1984)

Heimildir: ÚAT, 104-107; GG: Árb. 1983.

RA-673:002 Innra-Hreysi 2 tóftir útilegumannabústaður

"Um 8 kílómetra í norðaustur af rústunum í Eyvindarveri [RA-673:001] eru leifar af ... Innra-Hreysi. Það er í dalverpi milli melaldna ... Fast norðan við rústirnar rennur á, sem dregur nafn af hreysi Eyvindar og er nefnd Hreyiskvísl." ÚAT, 98-99. Rústirnar fóru undir vatn þegar Kvíslaveita var fullgerð (1985).

Heimildir: ÚAT, 107-108; GG: Árb. 1983 (útg. 1984).

RA-673:003 Þjóðsaga
útilegumannabyggð á að hafa verið í Köldukvíslarbotnum upp við Vatnajökul, suðaustan við Vonarskarð.

RA-673:004 *Tungnaárflutningur* heimild um ferju
Bátar voru við Hald í Tungnaá, við Tungnaárflutning sem er á.a.g. 6-7 km frá ármótum Þjórsár og Tungnaár, innst á Ferjufit á Landmannaafretti
"Sunnan megin árinna er 5-6 m hár stuðlabergshamar. Í honum er brött klauf eða skora, sem farið er um með allan farangur, sem fluttur er. ... Norðan megin árinna er hallandi graslendi, Stóra-Hestatorfa, en mjó sandeyri meðfram ánni. ... Á ferjustaðnum er áin um 110-112 m breið, straumþung og kaststrengur í henni sunnan til." GR I, 324
Heimildir: GR I, 304, 323-26

RA-673:005 heimild um rétt
Uppi á hamrinum sunnan Tungnaár við Tungnaárflutning, er fjárbyrgi, sem rúmar 12-14 þús. fjár, hlaðið úr hraungrjóti - GR I, 324
Þegar leitarmenn komu að Tungnaárflutningi lét fjallkóngurinn menn hlaða upp byrgin og lagfæra færigrindur - GR I, 304. Í byrgið á syðri bakkanum var fjársafnið sett á haustin, jafnóðum og það var ferjað suður yfir ána og látið vera þar næstu nótt.
Heimildir: GR I, 304, 324

RA-673:006 heimild um rétt
Aðhald var fyrir fé á norðurbakka Tungnaár við Tungnaárflutning. Þegar leitarmenn komu að Tungnaárflutningi lét fjallkóngurinn menn hlaða upp byrgin og lagfæra færigrindur - GR I, 304. Aðhaldið norðanmegin var úr blágrýti.
Heimildir: GR I, 304, 324

RA-673:007 heimild um sæluhús
Leitarmannakofi er innan við Tungnaá hjá Tungnaárflutningi - GR I, 304
Heimildir: GR I, 304

RA-673:008 heimild um hlóðir
Hlóðir voru á berangri við tjaldstað norðan Tungnaár hjá Tungnaárflutningi
Heimildir: GR I, 304

RA-673:009 heimild um rétt
Hestarétt var byggð 1901 sunnan megin Tungnaár hjá Tungnaárflutningi, um 50 m frá fjárbyrginu á hamrinum - GR I, 305, 323
"Venja var að skilja nokkuð af heyi eftir við ána til að gefa hestunum nóttina, sem verið var við ána á frameftirleið. Þá voru þeir byrgðir í rétt, sem byggð var 1901 sunnan megin árinna. Reynt var að skilja þar eftir mat til að létta á klyfjahestunum, en ekki gafst það vel. Hagamúsinn var ásækin í hann og hann skemmdist meira en sá matur, sem fluttur var með sér." GR I, 305
Heimildir: GR I, 305, 323

RA-673:010 heimild um sæluhús
Leitarmannakofi var á Klifshagavöllum. Þar eru rýrir hesthagar - GR I, 305. "Leitarmannakofi var byggður þar nokkru fyrir s.l. aldamót." - GR I, 305. Þriðji náttstaður austurleitarmanna á frameftirleið "Þar vað þá að gefa hestunum hey, því að hagar voru bitnir af fallhestunum á inneftirleið." GR I, 307
Heimildir: GR I, 305

RA-673:011 *Svörtubotnar* heimild um náttstað
Tjaldstaður var í Svörtubotnum. "Þar er blautt mýrarver með starar- og brokgróðri og

smátjörnum." GR I, 306. Var þarna innsti tjaldstaður á austurhluta Holtamannaafréttar. Þar sameinuðust undanreiðarmenn meginliðinu - GR I, 306

Heimildir: GR I, 306

RA-673:012 heimild um náttstað

Tjaldstaður og rétt við Eyvindarhreysi Innra (Innra Hreysi) - GR I, 306

Á þessum stað gistu 6 undanreiðarmenn sem smöluðu Vesturkrók innan við Svörtubotna þar sem þeir sameinuðust meginliðinu. GG segir í Árb 1983, 103, 107 að fornleg rétt sé norðan Hreysikvíslar, andspænis Innra-Hreysi. Telur hann vafa leika á hvort hún hafi verið fjárrétt og stingur upp á að hún gæti hafa verið heimilsrétt þeirra Eyvindar. Hermann Guðjónsson í Árb 1984, 100 segir hinsvegar að rétt þessi hefði lengi verið talin hluti af tjaldstæðinu eða allt frá því að smöln hófst á þessum hluta afréttarins nálægt miðbiki 19. aldar. Vitnar hann um þetta til manna sem voru fæddir á árunum 1863-78 og sem voru samtíma þeim eldri mönnum sem voru brautryðendur um leitir á þessu svæði. "Réttin var notuð fram á fjórða tug þessarar aldar, eða þar til mæðiveikin fór að herja á sauðfé Áshreppinga ... Var þá annar háttur tekinn upp við smöln [afréttarins] og þessi tjaldstaður lagður niður. Síðast gistu réttina tvær kindur norðan úr Skagafirði, sem fundust á Háumýrum í haustleitum 1934."

Heimildir: Árb 1984, 100

RA-673:013 heimild um sæluhús

Leitarmannakofi í Illugaveri. Annar náttstaður austurleitarmanna á frameftirleið - GR I, 307

Heimildir: GR I, 307

RA-673:014 *Byrgistorfur* heimild um náttstað

Byrgistorfur eru austan undir Búðarhálsi á bili þar sem Kaldakvísl rennur í Tungnaá.

"Þar eru tvær litlar vallendistorfur með góðum hesthaga." Fjórði náttstaður austurleitarmanna á frameftirleið.

Heimildir: GR I, 307-308

RA-673:015 *Biskupsþúfa* tóft sæluhús

Biskupsþúfa er í Þúfuveri norðan við Sóleyjarhöfðavað - áningarstaður á Sprengisandsleið.

"Eru hagar góðir í verinu. Biskupsþúfa ... er há, bungumynduð malaralda með lyng- og mosagróðri í hlíðunum neðanverðum, en sléttum vallendisgrundum fyrir sunnan og vestan." - GR I, 308. Hér var áningarstaður á Sprengisandsleið þegar Þjórsá var farin á Sóleyjarhöfðavaði. "Talið er að biskuparnir hafi hafi haft þarna náttstað fyrir á öldum, þegar þeir ferðuðust milli Suður- og Austurlands, og af því sé nafnið komið. Vottar þar enn fyrir fornu tóttarbroti, sem á að vera leifar frá þeim tíma." GR I, 308

Heimildir: GR I, 308

RA-673:016 *Þúfuver* heimild um náttstað

Tjaldstaður vesturleitarmanna. Virðist sami staður og RA-673:015

Heimildir: GR I, 308

RA-673:017 *Hvanngil* heimild um náttstað

Hvanngil eru við Þjórsá gegnt Loðnaveri á Gnúpverjaafrétt, þar var tjaldstaður vesturleitarmanna aðra nótt á frameftirleið. Í Hvanngil var einnig farið á ratar- og grasafjall - GR I, 322

Heimildir: GR I, 308

RA-673:018 *Þrívörður* varða samgöngubót

3 háar grjótvörður á öðrum af tveimur stöðum þar sem farið verður niður hamrabrúnina á efsta pallinum í Básun norðvestan í Búðarhálsi - GR I, 309

Heimildir: GR I, 309

RA-673:019 *Manntapahella* örnefni

"... allöng, slétt grágrýtishella, er liggur skáhallt niður að og ofan í Þjórsá." Í Neðstugöngu vestur með Búðarhálsi - GR I, 310

"Úr berginu fyrir ofn hana seytlar alltaf vatn á hana, sem heldur henni feikilega sleipri. Sagt er, að nokkrir Neðstugöngumenn hafi freistast til að stökkva hana til að taka af sér langan og erfðan krók, en runnið ofan í Þjórsá ... Dregur hellan nafn sitt af því. Herma munnmæli, að 18 menn hafi farist á Manntapahellu." GR I, 310

Heimildir: GR I, 310

RA-673:020 *Einistorfur* heimild um náttstað

Einistorfur "eru niður undir Þjórsá, vestan í Búðarhálsi framarlega." GR I, 310

Síðasti tjaldstaður vesturleitarmanna á frameftirleið áður en komið er að Tungnaárflutningi. "Í dimmviðri og þoku (en hún er oft á Hálsinum) er vont að finna Sniðin [sem er bratt og gróið mosaklif skammt innan við tjaldstaðinn], en annarsstaðar er ómögulegt að komast með hesta niður af Hálsinum í tjaldstaðinn." - GR I, 310

Heimildir: GR I, 310

RA-673:021 *Búðarháls* örnefni

Búðarháls er neðsti hluti Holtamannaafréttar og eftir honum liggur Sprengisandsvegur niður á Rangárvelli. Bendir örnefnið til að þar hafi verið búðir.

RA-673:022 heimild um náttstað

Í eftirleitum var tjaldað "niður við Þjórsá skammt innan við Búðarhálsfoss (Dyngk)." GR I, 313

Heimildir: GR I, 313

RA-673:023 gata leið

"Gamlar, grónar götur, ... liggja margar hlið við hlið efst í Hestatorfu í stefnu vestur yfir Blautukvísl að Tangavaði." á Sprengisaandsleið

Heimildir: GR I, 322

RA-673:024 *Tangavað* heimild um vað

Tangavað er neðsta vað á Tungnaá. Þegar það var farið, var haldið rétt ofan við smáhólma í ánni um miðjan Sultartanga, sem er syðsti oddinn, milli Tungnaár og Þjórsár." - GR I, 322

"Tangavað mun haf verið lengi aðalvaðið yfir ána, þegar farin var leiðin um Sprengisand eða Vonarskarð. Eins þegar farið var á grasa- eða röturfjall á Holtamannaafrétt ... Á því vaði fór Sveinn Pálsson 1795, er hann fór til Veiðivatna. Lítið farið síðan um 1880." GR I, 322 Þegar trippi voru enn rekin á Þóristungur (fyrir 1881) voru þau rekin yfir Tungnaá á Tangavaði - GR I, 323. sbr. örnefnið Vaðfit á Landmannaafrétt sunnan við ána.

Heimildir: GR I, 322

RA-673:025 heimild um brunn

Við Tungnaárflutning. "Þjóðsaga er til um það, að Þorlákur biskup helgi hafi vígt þennan ferjustað við Tungnaá og brunn, sem þar var, en er nú samfallinn og týndur."

Heimildir: GR I, 326

RA-674 *Þóristungur*

Þóristungur eru miðhluti Þjórsártungna hinna fornu og takmarkast af Blautukvísl að austan, Tungnaá að sunnan og Köldukvísl að vestan. Norðurmörk eru óljós en leitarsvæði náði ekki lengra norður en á móts við Illugaver á Holtamannaafrétti. "[frá því um miðja 19. öld reka] bændur í Landssveit ... almennt hross sín á Þóristungur og sumir fé sitt á Holtamannaafrétt. Hvænær breytingin hefir á komist eða hvort hún hefir byggst á samningi er óvíst ... Hross hafa eigi verið rekin á Þóristungur síðan 1881, en um annan stað er ekki að ræða fyrir hross á afréttum þessum, og þau því síðan gengið allt árið í heimahögum. Smölun þeirra á afrétti er óþekkt núlifandi mönnum." GR I, 257-58 "Um og eftir miðja síðutu öld voru trippi rekin á Þóristungur og höfð þar á sumrin. Síðast voru þau rekin þangað árið 1881. Þau voru alltaf rekin yfir ána á Tangavaði. / Þegar hætt var að reka trippi á Þóristungur, tóku 7 bændur úr

Holtamannahreppi, nú Áshreppi, sig saman og ráku kindur þangað." - GR I, 323
Þóristungur "eru sandöldur með mýrarverum og allgóðum gróðri með kvíslum og giljum, sem mikil hvönn óx í að fornu, en er nú horfin að mestu. Þangað var farið á rótar- og grasafjall fram til 1880." - GR I, 300. Hvanngil heitir líka langt inn með Köldukvísl gegnt Sauðafelli á Holtamannafrétti. - GR I, 317 Á Þóristungum eru víða örnefni sem minna á hestaafréttinn s.s. Trippavað á Köldukvísl við Miðtungur, Trippagil og Trippagilsalda inn með Köldukvísl. Fjallagrös eru sunnarlega með Þórisvatni - GR I, 317 og heitir Grasetangi sem gengur út í vatnið í suðvesturhorni þess - DMA

RA-674:001 *Þórisós* heimild um náttstað
Þórisós er við enda þess arms Þórisvatns sem er vestan við Útigönguhöfða og er hann affall úr vatninu í Köldukvísl. Þar undir hraunnefi er tjaldstaðurinn sem var annar tjaldstaður leitarmanna, einnig notaður í eftirleitum. "Hagi er sem enginn".

Heimildir: GR I, 313, 317

RA-674:002 heimild um rétt
"Hestarétt og fjár er" við tjaldstað hjá Þórisósi, sem er affallið úr Þórisvatni í Köldukvísl

Heimildir: GR I, 317

RA-674:003 *Miðtungur* heimild um náttstað
Miðtungur eru vestast í Þóristungum, við Köldukvísl, sunnan við þar sem kemur krókur á hana til vesturs. Þar var tjaldstaður – sem síðar var færður innst í Fremstutungu.

Heimildir: GR I, 313, 316, 317

RA-674:004 *Fremstatunga* heimild um náttstað
Tjaldstaðurinn var innst á Fremstatungu sem er syðst og vestast á Þóristungum gegnt Hrauneyjum. Þar var náttstaður, eftir að hætt var að tjalda á Miðtungu: "Þar var betri tjaldstaður og skýlla fyrir hesta." Á þessum slóðum er sýndur kofi á Herföngjaráðskorti.

Heimildir: GR I, 316

RA-674:005 *Útkvíslar* heimild um náttstað
Útkvíslar eru í suðausturhorni Þóristungna, suður undir Bólöldu, og heitir Tjaldkvísl þar sem tjaldstaðurinn er. Var þar tjaldstaður leitarmanna.

Heimildir: GR I, 313, 318, 341

RA-674:006 *Byrgisver* fjárrétt
Byrgisver er vestan við Fremstutungu, vestast á Þóristungum. Í Byrgisveri eru fjárbyrgi sem taka 12-14 hundruð fjár og er rekið í þau tvo síðustu gangnadaga.

Heimildir: GR I, 318, 319

RA-674:007 *Þórisvatnsbotn* heimild um náttstað
Tjaldstaður var við botn Þórisvatns: "Upp úr vatnsbotninum er ekki hægt að komast með hesta nema á einum stað, norðvestur af tjaldstað." GR I, 317

Heimildir: GR I, 317

RA-674:008 heimild um rétt
"Ítið byrgi uppi í öldunni norðan við tjaldstað." í Þórisvatnsbotni. Fé var rekið í byrgi þetta þá einu nótt sem leitarmenn gistu þar.

Heimildir: GR I, 317

RA-674:009 heimild um ferju
Bátur við ármótin þar sem Kaldakvísl rennur í Tungnaá

Heimildir:

GG: Gísli Gestsson, “Eyvindarkofi og Innra-Hreysi.” Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1983 (útg. 1984): 91-108.

GR: *Göngur og réttir* I-V, Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar, 2. útgáfa, Akureyri 1983-87.

Orri Vésteinsson, *Fornleifar á miðhálandi*, Reykjavík, FSÍ 1996.

Sveinn Pálsson: *Ferðabók. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*, Reykjavík.

ÚAT: Ólafur Briem: *Útilegumenn og auðar tóttir*, Reykjavík 1959.